

Ávarp Össurar Skarphéðinssonar utanríkisráðherra um jarðhitasamstarf Íslands og Alþjóðabankans í tilefni af undirritun samkomulags við Norræna þróunarsjóðinn, 9. nóvember 2012.

Dear guests,

I am happy to welcome here the representatives of all parts of the Icelandic geothermal field in Iceland, and indeed when I look over this distinguished gathering I see that we really have here today the National Team in this very important industry.

I have had the privilege to work with most of you during my ministerial career, if not as a Minister of Foreign Affairs, then before as a Minister of Industry and Energy – well, in fact Minister of Geothermal.

Today, it is also a special privilege to welcome here two very important guests from abroad, Mr. Pasi Hellman, who is the new Managing Director of the Nordic Development Fund, and Mr. Rohit Khanna, the Programme Manager Energy Sector Management Assistance Programme (ESMAP), of the World Bank.

With these fine gentlemen we are today celebrating a historic agreement between Iceland and the World bank on geothermal development in East Africa. In this respect, I want to express my delight by the growing interest and emphasis shown by the World Bank Group on geothermal. This was underscored by the new President of the World Bank Group, Dr. Jim Kim, in his speech at his first Annual Meeting in Tokyo last month, where he specially underscored the importance of geothermal energy in the developing world.

This agreement entails that the World Bank appoints Iceland as the bank's lead counsel on matters relating to geothermal. That not only is an honour for Iceland, but also underscores its leading role within the global geothermal field. The most important feature of the agreement, however, is that the World Bank will, with international finance, establish a fund of 500 million USD to finance exploratory drillings, that as we know always is the most risky phase of the development of any geothermal field, and has been the main obstacle to geothermal utilization in Africa.

At the same time, we are also signing an agreement with the Nordic Development Fund, who undertakes to finance the first phase of the project along with Iceland's Iceida by a contribution of 10 million euros over a period of five years.

This has been quite a journey, and I would like to use this opportunity to express my sincere gratitude not only to the World Bank for its vision and enthusiasm but not least to the Nordic Development Fund (NDF) whose Icelandic Chairman, Egill Heiðar is with us today, for its decision to work with Iceland in such a meaningful way in promoting geothermal development in East Africa. A heap of thanks is also due to my very good Director General of Iceida, Mr. Engilbert Gudmundsson, for his and indeed his staff's hard work in preparing for this agreement for quite some time.

I will give our esteemed guests the floor later on, but will now turn to my native tongue to explain the outlines of our common project.

Kæru gestir,

Einsog þið vitið hef ég alla mína tíð sem stjórnámálamaður – af ýmsum ástæðum – lagt mikla áherslu á þróun jarðhita heima og erlendis. Það má segja að ég hafi sem ráðherra talið það mína skyldu að boða fagnaðarerindi jarðhitans vítt um heim, ekki aðeins til að koma á framfæri reynslu Íslendinga og þekkingu, heldur ekki síður til að benda á, að jarðhiti hefur oft verið gróflega vanmetinn sem uppspretta áreiðanlegrar og ódýrrar endurnýjanlegrar orku, sem hefur miklu minni umhverfisleg áhrif en flestar aðrar tegundir orkugjafa.

Sem utanríkisráðherra hef ég lagt sérstaka áherslu á að opna augu sterkra alþjóðlegra stofnana sem vinna að þróunarmálum á möguleikum jarðhita í þeim ríkjum sem hann er að finna. Þar skiptir Alþjóðabankinn, með sitt gríðarlega fjármagn, langmestu máli.

Ég tel að söguleg kaflaskipti verði með þessu samkomulagi, sem við kynnum hér í dag, milli utanríkisráðuneytisins og Alþjóðabankans um að hraða jarðhitavæðingu í þrettán ríkjum Austur-Afríku, þar sem gríðarlegir vannýttir möguleikar eru á virkjun orku úr jarðhita.

Í þessum ríkjum er mikil orkufátækt, sem er talin orsök almennrar fátæktar meðal þess góða fólks, sem þar býr. Í ríkjunum er hins vegar talið mögulegt að virkja þar allt að 14.000 MW úr jarðhita og veita þannig yfir 150 milljónum manna aðgang að hreinni orku, endurnýjanlegri orku. Ef vel tekst til getur þetta samstarf leitt til bættra lífskjara fyrir fjölda fólks í fátækustu ríkjum heims. Samkomulag utanríkisráðuneytisins og Alþjóðabankans er þríþætt.

Í fyrsta lagi munu íslensk stjórnvöld aðstoða ríki sem liggja eftir sigdalnum eftir þörfum, að skipuleggja og framkvæma grunnrannsóknir á jarðhitasvæðum sem þar er að finna, leggja mat á umfang þeirra og möguleika til nýtingar. Nú þegar

hafa fimm ríki óskað slíkrar aðstoðar en þau eru Búrúndí, Úganda, Tansanía, Eþíópía og nú síðast Rúanda. Mér er líka kunnugt um að Kenía sé að skoða með mögulega þátttöku. Ég hef falið Þróunarsamvinnustofnun Íslands að vera framkvæmdaaðili fyrsta hluta samkomulagsins.

Hér skiptir mjög miklu máli að okkur hefur tekist að fá til samvinnu um fjármögnun á þessum íslenska fasa verkefnisins Norræna Þróunarsjóðinn, NDF. Hér í dag verður skrifað undir tímamótasamning milli íslenskra stjórnvalda (PSSÍ) og sjóðsins um framlög til fyrsta hluta samkomulagsins. Norræni þróunarsjóðurinn mun leggja fram um 800 milljónir kr. og Ísland sömu fjárhæð á fimm ára tímabili. Þetta eru sérlega góð tíðindi, og sýnir, hvernig Íslendingum með útsjónarsemi tekst í reynd að margfalda framlög Íslands með alþjóðlegri samvinnu. Fyrir það vil ég sérstaklega þakka frumkvæði Engilberts framkvæmdastjóra.

Í öðru lagi gerir samkomulagið ráð fyrir að báðir aðilar vinni markvisst að aukinni menntun í jarðhitamálum og aukinni almennri þekkingu um jákvæð áhrif jarðhitanytingar. Þess ber að geta að Alþjóðabankinn gaf nýlega út, með aðstoð íslensks sérfræðings, handbók um jarðhitavirkjanir og fjármögnun þeirra. Þá gegnir Jarðhitaskóli Sameinuðu þjóðanna, sem er rekinn hér á Íslandi, afar mikilvægu hlutverki í að þjálfra sérfræðinga frá löndunum sem liggja í sigdalnum, til að takast á við krefjandi verkefni á sviði jarðhitanytingar í sínum heimalöndum að námi loknu. Með slíkri þjálfun byggjum við upp langtímaþekkingu heimamanna og stuðlum að sjálfbærri þróun til framtíðar.

Í þriðja lagi gerir samkomulagið ráð fyrir að stofnaður verði sérstakur sjóður til þess að afla fjármagns til að ráðast í tilraunaboranir á svæðum, sem metin eru vænleg til orkuvinnslu. Þið þekkið það, sem tengist þróun jarðhitasvæða og orkuvinnslu, að þetta er sá kafli í hverju verkefni, sem er áhættusamastur, og erfiðast er að finna fjármagn til að kosta. Þetta er hinn raunverulegi flöskuháls. Alþjóðabankinn í samvinnu við utanríkisráðuneytið hefur nú hafið vinnu við að afla stuðnings annarra ríkja, alþjóðlegra loftslagssjóða og þróunarbanka til þess að leggja fram fé til tilraunaborana. Það hefur gengið svo vel, að Alþjóðabankinn stefnir að því að þessi risasjóður verði allt að 500 milljónir Bandaríkjadala, eða sem svarar til jafnvirði tæpra 65 milljarða króna. Hér er um stærsta átak sem farið hefur verið í að til stuðla að virkjun jarðhita í þróunarríkjum frá upphafi, spröttið upp úr samstarfi okkar Íslendinga við Alþjóðabankann.

Í framhaldinu verður mögulega unnt að ráðast í skipulagðar virkjanaframkvæmdir til raforkuframleiðslu og fjölnýtingar jarðhitans í atvinnuskyni með virkri þátttöku einkageirans, sem þið vitið að er lykilatriði

fyrir mér. Með þessu samkomulagi er Ísland orðinn helsti samstarfsaðili Alþjóðabankans á sviði jarðhita.

Þið munið kannski að í ræðu minni á Allsherjapingi SP í haust lagði ég sérstaka áherslu á að jarðhitasamstarfið við Alþjóðabankann, og í dag einnig NDF, væri stærsta og jafnframt sögulegasta verkefni sem Íslendingar hafa tekist á hendur á sviði þróunarsamvinnu. Við eigum að vera stolt af því. Þetta mun aðstoða fjölda manns í þróunarríkjunum, en um leið stuðlar þetta enn að framrás jarðhita sem orkulindar, þar sem Íslendingar eru í farabroddi. Ég efa ekki heldur að þetta mun opna gríðarleg tækifæri líka fyrir íslenska jarðhitaklasann, sem eflist nú með degi hverjum, og er nú þegar með hljóðlátum hætti stöðugt að færa út sínar alþjóðlegu kvíar.

Ágætu félagar í jarðhitaklasanum ég vænti þess að þið verðið framvarðarsveitin okkar í þessu stóra verkefni og er þegar farinn að hlakka samstarfsins.